

ÁRSSKÝRSLA NR. 1

-Samráðsnefnd um veikindarétt-

Inngangur

Þann 24. október 2000 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanevnd sveitarfélaga hins vegar samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í ofangreindum samtökum. Félag íslenskra leikskólakennara var jafnframt aðili að samkomulaginu skv. sérstöku umboði sem það veitti BSRB.

Samkomulagið tók gildi þann 1. janúar 2001 fyrir öll aðildarfélög hlutaðeigandi samtaka en Félag leikskólakennara á nú aðild að KÍ. Samkomulagið er hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Í 2. kafla samkomulags er kveðið á um rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa. Ákvæði 2. kafla koma í stað reglugerðar nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, og hliðstæðra reglna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Efnislega byggja ákvæði samkomulagsins í 2. kafla að verulegu leyti á ákvæðum reglugerðarinnar.

Í samræmi við ákvæði 2.9 í samkomulaginu var sett á fót samráðsnefnd í byrjun árs 2001. Hlutverk hennar er að fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða um veikindarétt skv. samkomulaginu. Í Samráðsnefnd um veikindarétt var skipað með eftirfarandi hætti á starfsárinu:

Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, var fulltrúi BHM og Halla S. Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi BHM varafulltrúi. Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB, var fulltrúi BSRB og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB varafulltrúi. Ómar Árnason, framkvæmdastjóri Félags framhaldsskólakennara, var fulltrúi KÍ, og Hannes Þorsteinsson, launafulltrúi Félags grunnskólakennara varafulltrúi.

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, var fulltrúi ráðuneytisins og Lára Hansdóttir, forstöðumaður launasviðs Ríkisbókhalds varafulltrúi. Birgir Björn Sigurjónsson, forstöðumaður kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, var fulltrúi Reykjavíkurborgar og Fjóla Pétursdóttir, lögfræðingur kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar varafulltrúi. Sigurður Óli Kolbeinsson, deildarstjóri lögfræðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, var fulltrúi Launanevndar sveitarfélaga og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, forstöðumaður starfsmannahalds Hafnarfjarðarbæjar varafulltrúi.

Meðal fyrstu verka samráðsnefndar var að skipta með sér verkum formanns, varaformanns, ritara og vararitara. Ákveðið var að Erna Guðmundsdóttir yrði formaður, Gísli Tryggvason varaformaður, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir ritari og Lára Hansdóttir vararitari. Sjá nánar 2. tölulið fundargerðar frá 17. maí 2001.

Verklagsreglur fyrir Samráðsnefnd um veikindarétt voru samþykktar og undirritaðar af formanni og ritara þann 18. október 2001. Í þeim er m.a. kveðið á um það með hvaða hætti beina skuli erindum til nefndarinnar og verkaskiptingu. Sjá nánar 2. tölulið fundargerðar frá 18. október 2001.

Formaður og ritari skrifuðu sameiginlegt bréf, dags. 30. maí 2001, þar sem athygli var vakin á nefndinni og hlutverki hennar. Hver samningsaðili sá um að dreifa því á sínum vettvangi.

Samþykkt var að koma á föstum vinnubrögðum í samráðsnefndinni með því að halda til haga sameiginlegri möppu á fundarstað sem formaður sæi um. Þar væri að finna helstu gögn nefndarinnar s.s. fundargerðir, formleg erindi og niðurstöður. Jafnframt var ákveðið að formaður og ritari tækju saman ársskýrslu þar sem greint yrði frá starfi nefndarinnar í embættistið þeirra. Sjá nánar 4. tölulið fundargerðar frá 21. september 2001.

Nefndarfundir

Fastur fundartími Samráðsnefndar um veikindarétt er þriðji fimmtudagur í mánuði, sbr. 5. tölulið í verklagsreglum nefndarinnar.

Á síðasta starfsári var fundað sjö sinnum. Fundirnir voru haldnir hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, dagana 21. febrúar 2001, 17. maí 2001, 18. júní 2001, 20. september 2001, 18. október 2001, 29. nóvember og 17. janúar 2002.

Formleg erindi

Samráðsnefnd um veikindarétt bærust fjögur formleg erindi. Nefndin hefur lokið tveimur með efnislegri niðurstöðu, vísað einu frá og einu er ólokið. Erindin eru þessi:

- 1) Erindi frá Félagi grunnskólakennara, dags. 28. mars 2001, varðandi samfelld veikindi fyrir og eftir gildistöku nýrra reglna um veikindarétt (lýtur að bráðabirgðaákvæði 2.10 í samkomulaginu frá 24. október 2000).

Niðurstaða samráðsnefndar á fundi nefndarinnar þann 18. júní 2001, var svohljóðandi:
„...að allir fluttust sjálfkrafa yfir á nýju veikindareglurnar um áramóttin nema gömlu reglurnar gefi þeim betri rétt, þ.e.a.s. eftirstöðvarnar af veikindarétti skv. eldri reglum, séu hagstæðari en nýi dagafjöldinn að frádregnum þeim dagafjölda sem búið er að nota á síðustu 12 mánuðum, óháð því hvort laun voru þá heil eða hálf.“

- 2) Erindi frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, dags. 13. september 2001, varðandi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6041/1999: B.Þ.J. gegn Veðurstofu Íslands, uppkveðinn 27. október 2000 (lýtur óbeint að ákvæði 2.2.6 í samkomulaginu frá 24. október 2000).

Erindið hefur verið á dagskrá nefndarinnar en er ólokið.

- 3) Erindi frá Félagi leikskólakennara, dags. 8. október 2001, varðandi veikindi á starfsmannafundum í leikskólum (lýtur að ákvæði 2.2.6 í samkomulaginu frá 24. október 2000).

Niðurstaða samráðsnefndar á fundi nefndarinnar þann 29. nóvember, var svohljóðandi: „*Samkvæmt grein 2.2.6 í samkomulagi aðila frá 24. október 2000, skal starfsmaður í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla (frá 1. degi veikinda) fá greiddar auk mánaðarlauna fastar greiðslur s.s. fyrir yfirvinnu, enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Nefndarmenn eru sammála um að í þeim tilvikum þegar starfsmannafundir eru skipulagðir til eins starfsárs í senn falli slíkir fundir undir framangreinda grein enda sé starfsmönnum skylt að mæta. Ef fundir eru skipulagðir með skemmri fyrirvara falla þeir ekki undir grein 2.2.6 heldur teljast þeir tilfallandi yfirvinna í skilningi greinar 2.2.7.*“

- 4) Erindi frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem barst með tölvupósti þann 3. desember 2001, varðandi meðaltalsgreiðslu yfirvinnu fyrstu 3 mánuði í fæðingarorlofi skv. eldri reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins (óbein áhrif á skýringu á ákvæði 2.2.7 í samkomulaginu frá 24. október 2000).

Á fundi nefndarinnar þann 17. janúar 2002 var samþykkt að taka erindið af dagskrá þar sem það ætti ekki skv. efni sínu undir valdsvið nefndarinnar.

Önnur mál

Á fundum Samráðsnefndar um veikindarétt voru rædd ýmis atriði sem lúta að framkvæmd og túlkun á ákvæðum 2. kafla samkomulagsins. Sem dæmi má nefna ákvæði 2.2.10 um hlutaveikindi, ákvæði 2.2.5 um mat á ávinnsurétti og ákvæði 2.5 um lausnarlaun og makalaun vegna andláts starfsmanns.

Stefnt er að því að nefndin setji almennar leiðbeiningar um afmörkuð atriði er varða rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa, t.d. um talningu veikindadaga og hlutaveikindi.

F.h. Samráðsnefndar um veikindarétt

Reykjavík, 8. mars 2002

Erna Guðmundsdóttir, formaður

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, ritari